

Til félagsmanna stéttarféлага Flóabandalagsins

9. maí 2011

Ágæti félagi,

Flestir launamenn landsins hafa nú verið án kjarasamninga í nærri hálf t. Á þeim tíma hefur kaupmáttur rýrnað, atvinnuleysi farið vaxandi og tekjur margra lækkað með styttnum vinnutíma eða minnkuðu starfshlutfalli. Fullyrða má að þær kjarasamningsviðræður sem fram hafa farið á undanförunum mánuðum séu þær erfiðustu sem átt hafa sér stað áratugum saman. Allt of margt hefur truflað samningsgerðina og dregið á langinn launahækkunar sem nú eru orðnar mjög brýnar. Það hefur hjálpað samningamönnum okkar að í stéttarfélagunum hefur ríkt alger eindrægni um stefnumörkun og ákvarðanir almennt teknar einróma á fjölmönnum fundum samninganefndar.

Samningar tókust loks fimmtudaginn 5. maí þegar ljóst var að ef ekki yrði af kjarasamningi, þá stefndi í stórfelld átök á vinnumarkaði og undirbúningur þegar hafinn að boðun verkfalla. Tilkynna þarf um samþykkt samningsins 25. maí n.k. til að hann öðlist gildi.

Mesti ávinningur samninganna er sá að það tókst með sameiginlegri launastefnu ASÍ að tryggja þeim meiri kjarabætur sem búa við lakari kjör og lægri tekjur.

Hér fara á eftir helstu atriði kjarasamninganna en í meðfylgjandi kynningarefni er að finna nánari skýringar á efni samninganna.

- Launataxtar á almennum markaði hækka á bilinu 17-21,6% eða um kr. 34.000 á samningstímanum.
- Tekjutrygging fyrir fullt starf á mánuði hækkar um 23,6%.
- Með hækkandi launatölum taxta hækkar öryggisnet þeirra sem liggja utan taxtakerfis kjarasamninganna.
- Eingreiðslur vega á móti þeirri töf sem varð á gildistöku kjarasamningsins.
- Lífeyrisréttindi landsmanna verða jöfnuð með markvissum hætti árunum 2014-2020 en hér er um að ræða eitt mikilvægasta réttindamál launafólks um áratuga skeið.
- Með kjarasamningnum er blásið til sóknar í atvinnulífina með það að markmiði að draga úr atvinnuleysi sem er stóralvarlegt meðal félagsmanna í stéttarfélagum Flóabandalagsins.
- Mikið átak verður sett af stað í þjónustu við atvinnuleitendur á vegum stéttarfélaganna sem nái til fjórða hvers launamanns í atvinnuleit og menntunarræði eru sett á oddinn bæði fyrir yngra fólk og þá sem eru komnir af skólaaldri ásamt námsúrræðum fyrir 1000 atvinnuleitendur.
- Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga fá hliðstæðar kjarabætur og launahækkunar kjarasamninganna.
- Hækkun til að mæta kostnaði við Fæðingarorlofssjóð og Ábyrgðarsjóð launa tryggir launafólki rétt í fæðingarorlofi og launatap í gjaldþrotum fyrirtækja.
- Starfsendurhæfingargjald lögfestir réttinn til endurhæfingar gagnvart öllu launafólki og þeim sem eru á örorkubótum lífeyrissjóðanna.
- Stjórnvöld ábyrgjast verðtryggingu persónuafsláttar og munu endurskoða tekju- og eignatengingu vaxta- og barnabóta á árinu.
- Af hálfu stjórnvalda koma til fjölmargar umbætur til að tryggja réttarstöðu launafólks s.s. við sölu fyrirtækja, framkvæmd útboðsmála og til að hefta svarta atvinnustarfsemi og kennitölufylling.

Það er mat okkar sem höfum unnið að þessum kjarasamningi nú í nærri hálf t. að samningurinn sé eini raunhæfi kosturinn til að hefja endurreisn atvinnulífsins og vinna þannig gegn miklu atvinnuleysi okkar félagsmanna.

Við vonumst til þess að þú komist að sömu niðurstöðu eftir að hafa kynnt þér samninginn.

Mest er um vert að þú takir þátt í atkvæðagreiðslunni og sýnir þannig afstöðu þína til þessa samnings.

Við erum í engum vafa um að það er íslensku atvinnulífi og launafólki til ávinnings að samþykkja samninginn.

Með félagskveðju,



Fh. Eflingar

Sigurður Bessason
Sigurður Bessason



Fh. Hlífar

Kolbeinn Gunnarsson
Kolbeinn Gunnarsson



F.h. VSFK

Kristján Gunnarsson
Kristján Gunnarsson

To members of Flóabandalagið Union

May 9th. 2011

New Collective Agreement

Dear union member,

On Thursday May 5th a new Collective Agreement was signed on behalf of Efling Trade Union, Hlíf Workers Union in Hafnarfjörður and Workers and seamen's Union in Keflavík and neighbouring municipalities. A draft of the agreement had been affirmed unanimously by an extended negotiation committee of the unions.

Workers in the country who are members of the unions within The Icelandic Federation of Labour have had no agreement with their employers for almost half a year. During this period purchasing power has decreased, we are facing growing unemployment, many of these people have experienced a sharp drop in their income as working hours are being cut and many have to accept job sharing and part time work. The bargaining negotiations of last months have been especially difficult for the negotiators as increase in wage payments have been dragged for months when people really need a pay rise. It has been of great help to our negotiators that people in the unions have been very supportive and all decisions have been made in complete agreements. The new agreement will be put to vote in the trade unions and has to be ratified before May 25th in order to come in to force/be valid.

It is clear that if the unions and employers had not reached an agreement the road was open for serious industrial disputes as the trade unions had started preparing for massive strikes in the country.

The most important result of the agreement is that the unions managed through a unanimous policy to guarantee comparatively higher pay rises for lower income groups in the unions.

We will list here the most important points in the agreement but in the brochure you will find more detailed explanations of the important issues in the contract.

Key results of the newly signed agreement are as follows:

- The wage tables on the general labour market increase by 17-21,6% or 34,000 kronas over the term of agreement.
- Income guarantee for full employment increases by 23,6%.
- With higher wage tables the safety net is improved for those who receive wages over wage tables stipulated in union agreements.
- Special payments make up for the delay in the negotiation process.
- Icelanders have for a long time had to live with an unjust pension system which will now be improved by increasing payments into the system of the general working market in the years 2014-2020.
- One of the important goals of this agreement is to increase employment, create jobs especially in the area of the unions of Flóabandalagið where we have serious unemployment.
- A special campaign will be launched for the unemployed where the main target is to find jobs and further education for people without work, both young people and those who are above school age with new study options for 1.000 job seekers.
- The government will support The Wage Guarantee Fund and The Childbirth Leave Fund in order to guarantee payments to workers on childbirth leave and those who risk loss of payments due to bankrupt companies.
- Unemployment benefits and other welfare benefits will have similar increases in payments as are stipulated in the agreement.
- The Parliament will pass a law that will guarantee rehabilitation rights for all employees as well as those who are receiving benefits from the pension funds.
- The government will guarantee indexed tax credit and will revise the tax system as regards child's benefits and interest rates deduction with relation to assets.
- In a special statement issued by the government some social reforms will improve the legal rights of workers.

We hope that once you have reviewed the agreement you will agree with us on its benefits. It is very important that you take part in the vote and express your stand towards the new union agreement.

We would like to encourage you to participate in the vote and support the agreement.



On Behalf of Efling

Sigurður Bessason
Sigurður Bessason



On Behalf of Hlíf

Kolbeinn Gunnarsson
Kolbeinn Gunnarsson



On Behalf of VSFK

Kristján Gunnarsson
Kristján Gunnarsson

Sjá kjarasamninginn í heild sinni á heimasíðu félaganna

www.efling.is

www.hlif.is

www.vsfk.is

Nýir kjarasamningar til þriggja ára

Áhersla á meiri hækkun lægri launa

Stéttarfélagin hafa lagt mikla áherslu á að tryggja félagsmönnum sínum launahækkunir frá því að kjarasamningar runnu út í lok síðasta árs, en fullyrða má að þær kjaraviðræður sem fram hafa farið á undanförunum mánuðum séu þær erfiðustu sem átt hafa sér stað um áratuga skeið.

Það hjálpaði samningamönnum okkar að finna þá miklu eindrægni og staðfestu sem ríkti í stéttarfélagunum um þá stefnu sem tekin var í viðræðunum. Þegar atvinnurekendur komu fram af óbilgirni lét verkalyðshreyfingin ekki beygja sig heldur þétti raðirnar. Sá þrýstingur sem undirbúningur allsherjarverkfalls framkallaði sýndi atvinnurekendum að verkalyðshreyfingin var tilbúin að láta reyna á kröfur sínar.

Í framhaldinu hófust samningaviðræður að nýju og nú með breyttu viðhorfi SA. Eftir standa aðildarsamtök ASÍ með mun betri samning en hreyfingunni stóð til boða fyrir páska. Mesti ávinningurinn er sá að með sameiginlegri launastefnu aðildarsamtaka ASÍ að tryggja þeim meiri kjarabætur sem búa við lakari kjör og lægri tekjur.

Launataxtar hækka á bilinu 17-21,6% eða um 34.000 kr. á samningstímanum og tekjutrygging hækkar um 23,6%. Almennar launahækkunir á næstu þremur árum eru 11,4%. Eingreiðsla kr. 50.000 kemur til útborgunar þegar samningarnir hafa verið samþykktir í atkvæðagreiðslu og aðrar 25.000 krónur í tveimur greiðslum síðar á árinu.

Gildistími og forsenduákvæði

Kjarasamningurinn gildir til 31. janúar 2014, með endurskoðun í janúar 2012 og janúar 2013. Ákveðinn fyrirvari er á samningnum sem tengist stjórnvaldsaðgerðum og lagabreytingum sem þurfa að eiga sér stað fyrir 22. júní 2011. Ef þær forsendur sem snúa að stjórnvöldum standast ekki gildir samningurinn til 1. febrúar 2012.

Forsenduákvæðin fyrir 2012 og 2013 er að kaupmáttur aukist, verðlag haldist stöðugt, gengi krónunar styrkist marktækt og að fyrirheit stjórnvalda í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum haldist.

Greiðslur þar sem samningar hafa dregist

a. Eingreiðsla í júní kr. 50.000 fyrir starfsmann í fullu starfi í mánuðunum mars - maí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl eða eru í hlutastarfi fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl og verða í starfi til 5. maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí.

b. Sérstakt álag á orlofsuppbót 2011 kr. 10.000 og reiknast með sama hætti og gildir um orlofsuppbót. Álagið gildir nema ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Orlofsuppbót		Sérstakt álag
2011	26.900 kr.	10.000 kr.
2012	27.800 kr.	
2013	28.700 kr.	

c. Sérstakt álag á desemberuppbót 2011 kr. 15.000 og reiknast með sama hætti og gildir um desemberuppbót. Álagið gildir nema ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Desemberuppbót		Sérstakt álag
2011	48.800 kr.	15.000 kr.
2012	50.500 kr.	
2013	52.100 kr.	

Launabreytingar:

Almenn launahækkun	
1. 6. 2011	4,25%
1. 2. 2012	3,50%
1. 2. 2013	3,25%

Hækkun á launatöxtum	
1. 6. 2011	12.000 kr.
1. 2. 2012	11.000 kr.
1. 2. 2013	11.000 kr.

Tekjutrygging	
1. 6. 2011	182.000 kr.
1. 2. 2012	193.000 kr.
1. 2. 2013	204.000 kr.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega.

Önnur ákvæði kjarasamnings öðlast strax gildi óháð því sem gerist við endurskoðun í júní.

Jöfnun lífeyrisréttinda

Samhliða þessum kjarasamningi verður stigið markvisst skref í að jafna lífeyrisréttindi þar sem stefnt er að því að auka framlög í lífeyrissjóði úr 12% í 15,5% á árabílinu 2014-

2020. Fyrir árslok 2012 verði komin niðurstaða um samræmt og sjálfbært lífeyriskerfi alls launafólks á vinnumarkaði.

Nýtt launakerfi í tímamældri ákvæðisvinnu í ræstingum

Við upphaf samningstíma er tekið í notkun nýtt kerfi í ræstingum þar sem að fyrirkomulag ræstingar er fært meira í það form sem gildir í nágrannalöndum okkar. Í stað eldra fyrirkomulags verður miðað við staðinn tíma og aðlögunartími veittur fram til ársins 2015 til að innleiða nýja kerfið.

Meginbreytingin verður sú að bein tenging verður við launatöflu sem þýðir að starfsaldurshækkningar koma inn. Með nýja kerfinu færast álagstímar til frá kl. 20.00 í fyrsta skrefinu til kl. 18.00 og síðan til kl. 17.00 árið 2015. Grunnviðmið er 2. launaflokkur með 20% álagi.

Veruleg hækkun á bónusgreiðslum í fiskvinnslu

Við gerð þessa samninga náðist samkomulag um verulegar hækkningar á reiknitölum í hóplaunakerfum og í ákvæðisvinnu eða um 24,2%. Jafnframt mun fastur bónus og aðrar álagsgreiðslur hækka um 16,25% strax í upphafi samnings en þó að lágmarki um 39 kr. pr. klst.

Áformað er að koma á fót viðbótarnámskeiði á árinu 2011 sem veitir tveggja launaflokka hækkun úr launaflokki 7 í 9. Þá var einnig gengið frá samkomulagi um að farið verði í árlega könnun á fyrirkomulagi hverskonar auka- og álagsgreiðslum sem tíðkast með það að markmiði að samræma álagsgreiðslur milli fyrirtækja í sömu vinnslugreinum ef að fyrir liggja veruleg frávík frá meðaltali.

Frekari upplýsingar um samninginn, sjá heimasíður stéttafélaganna:
www.efling.is • www.hlif.is • www.vsfk.is

For further education see the Union web sites:
www.efling.is • www.hlif.is • www.vsfk.is

Wiecej informacji znajdziesz na stronie związków zawodowych:
www.efling.is • www.hlif.is • www.vsfk.is

Meiri atvinna, velferð og menntun

Hækkun bóta almannatrygginga og persónuafsláttar

Stjórnvöld munu endurskoða bætur almannatrygginga með hliðsjón af niðurstöðum kjarasamninganna, þannig að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og um verður samið í kjarasamningunum.

Tekju- og eignatenging vaxta- og barnabóta verður endurskoðuð á þessu ári.

Verðtrygging persónuafsláttar verður lögfest og mun persónuafsláttur hækka samkvæmt því í ársbyrjun 2012.

Þar til viðbótar munu stjórnvöld í samráði við aðila vinnu- markaðarins skoða möguleika á hækkun krónutölu persónuafsláttar eða ígildi hennar í formi lækkunar skatthlutfalls á lægsta skattþrepi frá árslokum 2013.

Sókn í atvinnumálum

- Með kjarasamningnum er blásið til sóknar í atvinnulíf- inu með það að markmiði að draga úr atvinnuleysi, m.a. hvatningu til nýsköpunar og eflingu þekkingargreina ásamt orkufrekum iðnaði sem styðji við markmið ASÍ um að auka vægi grænna greina í hagkerfinu.

Bætt þjónusta við atvinnuleitendur

- Átak verður sett af stað í þjónustu við atvinnuleitendur á vegum stéttarfélaganna og menntunarúrræði verða sett á oddinn bæði fyrir yngra fólk og þá sem komnir eru af skóla- aldri. Að auki verða sköpuð námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu tvö skólaár þar á eftir fyrir 25 ára og eldri.

Tryggjum stuðning við velferðina

- Hækkun framlaga til Fæðingarorlofsjóðs og Ábyrgðarsjóðs launa tryggir launafólki rétt í fæðingarorlofi og launatap í gjaldþrotum fyrirtækja.

- Starfsendurhæfingargjald lögfestir réttinn til endurhæfingar gagnvart öllu launafólki og þeim sem eru á örorkubótum lífeyrissjóðanna. Þannig tekst að tryggja uppbyggingu mark- vissrar starfsendurhæfingar sem stuðlar að virkni þeirra sem hafa dottið út af vinnumarkaði sökum slysa eða veikinda.

Umbætur til að tryggja réttarstöðu launafólks

- Af hálfu stjórnvalda koma til fjölmargar umbætur til að tryggja réttarstöðu launafólks s.s. við sölu fyrirtækja, framkvæmd útbodsmála og til að hefta svarta atvinnustarf- semi.

Úrbætur í lífeyrismálum

Áfram verður unnið að samræmingu lífeyrisréttinda og skal starfshópur skila af sér fyrir 1. september nk. og breytingar kynntar Alþingi. Í framhaldinu verður lagður grundvöllur að nýju samræmdu og sjálfbæru lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn. Viðurkennt er að mikill ójöfnuður er í áunnum lífeyrisréttindum landsmanna, þar sem verulega hallar á launafólk á almennum vinnumarkaði. Því er heitið, hvað varðar það sem liðið er, að ríkisvaldið skoði sérstaklega hvernig rétt sé að standa að inngreiðslum til að jafna uppá við lífeyrisréttindi í almenna kerfinu.

Húsnæðismál og jafnræði búsetuforma

Unnið er að mótun tillagna um fjölbreyttari valkosti í húsnæðismálum og samræmingu á stuðningi við leigjendur og eigendur íbúðarhúsnæðis. Horft verður til jafnræðis milli búsetuforma við skiptingu þeirra fjármuna sem varið er til vaxtabóta og húsaleigubóta.

- Starfsaldur miðast við starfsreynslu í starfsgrein en 7 ára starfsaldur við starf hjá sama atvinnurekenda.
- Við mat á starfsaldri telst 22 ára aldur jafngilda eins árs starfi í starfsgrein.
- Dagvinna er fundin út með því að deila í mánaðarlaun með 173,33.
- Yfirvinnuálag er dagvinnutaxti x 1,8 = 80% til viðbótar dagvinnu.

Launaflokkar frá 1. júní 2011 - mánaðarlaun

Launa- flokkur	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár
1	169,752	171,317	172,905	174,517	176,153
2	171,317	172,905	174,517	176,153	177,814
3	172,905	174,517	176,153	177,814	179,500
4	174,517	176,153	177,814	179,500	181,211
5	176,153	177,814	179,500	181,211	182,948
6	177,814	179,500	181,211	182,948	184,711
7	179,500	181,211	182,948	184,711	186,500
8	181,211	182,948	184,711	186,500	188,316
9	182,948	184,711	186,500	188,316	190,159
10	184,711	186,500	188,316	190,159	192,030
11	186,500	188,316	190,159	192,030	193,928
12	188,316	190,159	192,030	193,928	195,856
13	190,159	192,030	193,928	195,856	197,812
14	192,030	193,928	195,856	197,812	199,798
15	193,928	195,856	197,812	199,798	201,814
16	195,856	197,812	199,798	201,814	203,859
17	197,812	199,798	201,814	203,859	205,936
18	199,798	201,814	203,859	205,936	208,043
19	201,814	203,859	205,936	208,043	210,182
20	203,859	205,936	208,043	210,182	212,354
21	205,936	208,043	210,182	212,354	214,558
22	208,043	210,182	212,354	214,558	216,795
23	210,182	212,354	214,558	216,795	219,065
24	212,354	214,558	216,795	219,065	221,370
25	214,558	216,795	219,065	221,370	223,709

Launaflokkar frá 1. feb. 2012 - mánaðarlaun

Launa- flokkur	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár
1	180,752	182,317	183,905	185,517	187,153
2	182,317	183,905	185,517	187,153	188,814
3	183,905	185,517	187,153	188,814	190,500
4	185,517	187,153	188,814	190,500	192,211
5	187,153	188,814	190,500	192,211	193,948
6	188,814	190,500	192,211	193,948	195,711
7	190,500	192,211	193,948	195,711	197,500
8	192,211	193,948	195,711	197,500	199,316
9	193,948	195,711	197,500	199,316	201,159
10	195,711	197,500	199,316	201,159	203,030
11	197,500	199,316	201,159	203,030	204,928
12	199,316	201,159	203,030	204,928	206,856
13	201,159	203,030	204,928	206,856	208,812
14	203,030	204,928	206,856	208,812	210,798
15	204,928	206,856	208,812	210,798	212,814
16	206,856	208,812	210,798	212,814	214,859
17	208,812	210,798	212,814	214,859	216,936
18	210,798	212,814	214,859	216,936	219,043
19	212,814	214,859	216,936	219,043	221,182
20	214,859	216,936	219,043	221,182	223,354
21	216,936	219,043	221,182	223,354	225,558
22	219,043	221,182	223,354	225,558	227,795
23	221,182	223,354	225,558	227,795	230,065
24	223,354	225,558	227,795	230,065	232,370
25	225,558	227,795	230,065	232,370	234,709

Launaflokkar frá 1. feb. 2013 - mánaðarlaun

Launa-flokkur	Byrjun	1 ár	3 ár	5 ár	7 ár
1	191,752	193,317	194,905	196,517	198,153
2	193,317	194,905	196,517	198,153	199,814
3	194,905	196,517	198,153	199,814	201,500
4	196,517	198,153	199,814	201,500	203,211
5	198,153	199,814	201,500	203,211	204,948
6	199,814	201,500	203,211	204,948	206,711
7	201,500	203,211	204,948	206,711	208,500
8	203,211	204,948	206,711	208,500	210,316
9	204,948	206,711	208,500	210,316	212,159
10	206,711	208,500	210,316	212,159	214,030
11	208,500	210,316	212,159	214,030	215,928
12	210,316	212,159	214,030	215,928	217,856
13	212,159	214,030	215,928	217,856	219,812
14	214,030	215,928	217,856	219,812	221,798
15	215,928	217,856	219,812	221,798	223,814
16	217,856	219,812	221,798	223,814	225,859
17	219,812	221,798	223,814	225,859	227,936
18	221,798	223,814	225,859	227,936	230,043
19	223,814	225,859	227,936	230,043	232,182
20	225,859	227,936	230,043	232,182	234,354
21	227,936	230,043	232,182	234,354	236,558
22	230,043	232,182	234,354	236,558	238,795
23	232,182	234,354	236,558	238,795	241,065
24	234,354	236,558	238,795	241,065	243,370
25	236,558	238,795	241,065	243,370	245,709

Launa-flokkur	Röðun starfa í launaflokka										
1	Stórf ótalin annars staðar	Veit.hús án vinnuskyldu									
2	Vaktmenn	Ræsting	Síminn Alm.vinna								
3	Matráðar I	Iðnv. fólk alment.	Síminn Vaktmenn	Alifugla-slátrun							
4	Stórgripaslátr.										
5	Fiskvinnslu-fólk alm.	Fiskeldi alm.	Veitinga- og gistih. alm.	Síminn Sérh.verk.m							
6	Securitas staðb. gæsla	Almennir bygg.verkam.	Alm. verkst.v. Smurstöðvar.	Iðnv.fólk sérhæft	Hafn.vinna Samskip I	Veitinga- og gistih. sérh.	Ræsting vaktavinna	Bensín I	IGS, alm. Keflavík	Martáðar II	Oliust verk.m.
7	Fiskvinnslu-fólk, sérh. I	Fiskeldi sérh.	Bensín II	Securitas farangæsla	Oliust. bifr.stj. I						
8	Sérþj. bygg.v.m.	Hafn.vinna Samskip II	IGS sérh. Keflavík								
9	Sérhæfðir aðst.m. iðn.m.	Bensín III	Fiskvinnslu-fólk, sérh. II	Hafn.vinna Eimskip I	Hafn.vinna Samskip III	Af.stöðvar II					
10	Matráðar III	Hafn.vinna Samskip IV	Tækjam. I	Securitas verðm.fl							
11	Hafn.vinna Eimskip II										
12	Hafn.vinna Eimskip III										
13	Tækjam. II										
14	Hlaðmenn I Reykjavík	Oliust. bifr.stj. II									
15											
16	Síminn Flokkstj.										
17	Hópþifr.stj. I	Fiskeldis fræðingar									
18											
19											
20	Hlaðmenn II Reykjavík										

Wage category 1

Jobs not specified elsewhere.
Restaurants without work quota.

Wage category 2

Security guard.
Cleaning. Síminn, general.

Wage category 3

Cook I. Industrial workers, general.
Síminn, security, Poultry slaughterhouse.

Wage category 4

Slaughterhouse (beef and horses).

Wage category 5

Fish processing, general. Fish farming, general. Restaurants and hospitality, general. Síminn, specialised work.

Wage category 6

Securitas, stationary security. General construction. General workshops and oil shops. Industrial workers, specialised. Harbour work, Samskip I.

Restaurants and hospitality, specialised.
Cleaning, shift work. Gasoline I. IGS, general, Keflavík. Cook II. Oil stations, workers.

Wage category 7

Fish processing, specialized I. Fish farming, specialised. Gasoline II. Securitas, non-stationary security. Oil stations, drivers I.

Wage category 8

Specialised construction. Harbour work, Samskip II. IGS, specialised, Keflavík.

Wage category 9

Assistants to skilled workers. Gasoline III. Fish processing, specialized II. Eimskip I, harbour work. Production facility II.

Wage category 10

Cooks III. Harbour work, Samskip IV. Machine operator I. Securitas, transport of valuables.

Wage category 11

Harbour work, Eimskip II.

Wage category 12

Harbour work, Eimskip III

Wage category 13

Machine operator II

Wage category 14

Ground service I, Reykjavík. Oil stations, driver II.

Wage category 16

Síminn, group leader.

Wage category 17

Bus/coach driver I. Fish farming specialist.

Wage category 20

Ground service II, Reykjavík.

Tímamæld ákvæðisvinna í ræstingu - Nýtt kerfi

Launaflokkur 2 með 20% álagi				
		Mán.-fös 18.00-24.00	Mán.-fös 24.00-07.00 og lau. / sun.	
	Dagvinna	33% álag*	45% álag*	Yfirvinna*
Byrjunarlaun 18 ára:	1.186,06	391,40	533,73	2.134,95
1 ár í starfsgrein:	1.197,06	395,03	538,68	2.154,74
3 ár í starfsgrein:	1.208,22	398,71	543,70	2.174,83
5 ár í starfsgrein:	1.219,54	402,45	548,79	2.195,22
7 ár í starfsgrein:	1.231,04	406,24	553,97	2.215,92

*Fyrir vinnu umfram 40 stundir á viku skal greiða yfirvinnuálag

Tímamæld ákvæðisvinna - eldra kerfi:

-kl. 08:00 - 20:00mánudaga - föstudaga 1.093,16 kr.

-hærri taxti eftir kl. 20:00 1.318,78 kr.

-Næturæsting / Aðalhreingerning Yfirvinnutaxti lfl. 2

-Ræsting á stórhátíðum Stórhátíðartaxti lfl. 2

Reiknitölur í fiskvinnslu

	2010	1.6.2011	1.2.2012	1.2.2013	Hækkun á tímabilinu
Reiknitala ákvæðisvinnu	113,58	132,04	136,66	141,1	24,2%
Reiknitala í hóplaunakerfi	153,22	178,12	184,35	190,35	24,2%

Fastur bónus hækkar strax í upphafi samnings um 16,25% en þó að lágmarki kr. 39 pr. klst.

2012 verður hækkunin 10 kr. og 9 kr. 2013 að lágmarki.

Mundu að

Skila atkvæði þínu tímanlega!

Ekki geyma það til síðasta dags!!

Dæmi

Launaflokkur 2 byrjun.

	2010	2011
Grunnlaun	159.317	171.317
Tekjutrygging	5.683	10.683
Samtals	165.000	182.000

10,30% Hækkun frá 1. júní 2011

Launaflokkur 6,1 ár.

	2010	2011
Grunnlaun	167.500	179.500
Bónus	10.000	10.425
Samtals	177.500	189.925

5,80% Hækkun frá 1. júní 2011

Launaflokkur 7,3 ár.

	2010	2011
Grunnlaun	170.948	182.948
Þjónustuuppbót	15.000	15.638
Samtals	185.948	198.586

6,80% Hækkun frá 1. júní 2011

Föst laun utan taxtakerfis.

	2010	2011
Grunnlaun	250.000	260.625
Samtals	250.000	260.625

4,25% Hækkun frá 1. júní 2011 eða um 10.625 kr.

Sýnum ábyrga afstöðu
Greiðum atkvæði

24. maí

**er síðasti dagurinn
sem þú hefur
til að hafa áhrif á niðurstöðu
í atkvæðagreiðslunni**

**Sýnum ábyrgð
og skilum
atkvæðunum!**



Atkvæði í póst skilist í síðasta lagi 20. maí